

Fella- og fjallgönguverkefnið Upp í sveit 2022:

Sumarið 2022 verða að minnsta kosti 5 póstkassar settir upp í uppsveitun þrjár af gönguleiðunum að póstkössunum eru mjög einfaldar og fjölskylduvænar og síðan eru tvær sem eru aðeins meiri áskorun en samt vel viðráðanlegar.

- Barmaréttir við Laugarvatnsvelli í Bláskógabyggð
- Litla-Borgarholt í Eystri tungu í Bláskógabyggð
- Dyrafjöll við Hengilinn, í Grímsnes- og Grafningshrepp
- Miðfellið við Flúðir, í Hrunamannahrepp
- Úlfsvatn á Vörðufelli, gengið frá Framnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hlekkur á Google map: <https://tinyurl.com/4p7mkr5b> Á kortinu má sjá þá staði þar sem póstkassar eru komnir upp.

Upplýsingar um staðina:

Barmaréttir við Laugarvatnsvelli:

Byrjunarstaður: við Gjábackaveg, rétt við afleggjara að Laugarvatnshellir
Vegalengd: 250 m að póstkassa
Hækkun: 0 metrar
Göngutími að póstkassa: 5 mín.



Í örnefnaskrá segir: "Vestast á efri völlum eru fornar réttir frá Grímsnesingum og Laugdælum. Heita þær Barmaréttir. Var réttað þar fram yfir síðustu aldamót." Í Árbók Ferðafélags Íslands segir svo: "Gamla réttir eru austan undir Litla-Reyðarbarmi. Voru þar réttir Grímsnesinga og Laugdæla, meðan báðar sveitirnar voru einn hreppur." Í Sunnlenskum byggðum III segir svo: "Í hraunjaðrinum, skammt sunnan vegarins frá Gjábacka til Laugarvatns, voru skilaréttir Grímsneshrepp hins forna, Vallaréttir. Voru þær byggðar um 1800 og hétu fyrst Barmaréttir. Þær voru aflagðar um 1920. Nú hafa þessar réttarrústir verið friðlýstar." Réttin samanstendur að almenningi eða nátthaga og 21 hólfi. Allar hleðslur eru ógrónar og hefur mikið hrunið úr þeim. Þær eru mest um 1 m að hæð.

Litla-Borgarholt í Eystri Tungu, í Bláskógabyggð (Biskupstungum)

Byrjunarstaður: bílastæði utan í Einholtsvegi, veg nr. 358
Vegalengd: 250 m að póstkassa
Hækkun: 20 metrar að póstkassa
Göngutími að póstkassa: 10 mín.

Biskupstungur ná yfir landsvæðið eða tunguna milli Brúarár og Hvítár. Tungufljót skiptir þessari tungu í tvennt og er vestari tungan kölluð Ytri-Tunga og hin eystri Eystri-Tunga.

Rétt norðan við bæinn Borgarholt liggur vegurinn (Einholtsvegur, veg nr. 358) í gegnum mjótt sund, en það heitir Mjósund og liggur til norðurs alveg út í Tungufljótið. Það er á milli Stóra-Borgarholt og Litla-



Borgarholt. Vestan við sundið er Litla-Borgarholt og þaðan er fallett útsýni norður yfir Tungufljótið, Jarlhettunna, Bláfell og alla leið inni Kerlingarfjöll.

Vestan við holtið er Yfirsetusund. Þangað voru fráfaruær reknar og setið yfir þeim fyrst eftir fráfarur. Vestan við það er lágur ás, Þrívörðúas og nær norður undir Tungufljót. Sunnar og í framhaldi af honum er hærri ás með klettum að vestan, sem heitir Kotás.

Dyrafjöll við Hengilinn:

Byrjunarstaður: við Nesjavallaleið, veg nr. 435
Vegalengd: 1,3 km að póstkassa, en hægt að ganga hring
Hækkun: 64 metrar að póstkassa
Göngutími að póstkassa: 20 mín.




Hengilsvæðið er fjallendi milli Suðurlandsvegur og Þingvallavatns, frá Mosfellsheiði austur að Grafningsfjöllum. Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið markvisst að því að búa í hagin fyrir útivistarfólk með neti af merktar gönguleiða, upplýsingatöflum, gönguskála og útgáfu gönguleiðakorts af svæði. Við ætlum að nýta okkur eina af þessum gönguleiðum.

Til að komast á upphafsstað göngunnar er Nesjavallavegur keyrður upp frá Nesjavöllum (sé komið uppsveitamegin að). Bílum er lagt á bílastæði við Sporhelluna, en það er fyrsta merktu bílastæðið með korti eftir að komið er niður framhjá tönkunum efst á hæðinni en það er merkt nr. 7 á kortinu hér að neðan.

Gengið er frá upplýsingaskilti eftir rauðum stikum þar til komið er að póstkassanum. Frá póstkassanum er gott útsýni yfir Þingvallavatnið, Hrafnbjörg, Kálfstinda og fleiri fjöll. Póstkassinn er á bláu stjörnunni.

Frá póstkassanum er annað hvort hægt að ganga til baka eða halda áfram og ganga hringleið sem merkt er á kortinu hér.



Miðfell við Flúðir

Byrjunarstaður: rétt sunnan við Flúðir, Skeiða- og Hrunamannavegur.
Vegalengd: 1,2 km að póstkassa
Hækkun: 160 metrar að póstkassa
Göngutími að póstkassa: 35 mín.

Við þjóðveginn, rétt sunnan við Flúðir er bílastæði við upphafsstað gönguleiðarinnar. Leiðin er stikuð upp fjallið. Póstkassan með gestabókinni er á hæðsta punkti fellsins og þar er fallett útsýni yfir nærumhverfi Flúða og uppsveitirnar. Einnig er hægt er að ganga kringum vatnið en farið er sömu leið niður. Í Miðfellsvatni er nykur og voru börn áminnt um að signa sig áður en þau fóru að vatninu. Hést sá siður langt fram eftir 20. öld. Gönguleiðin á Miðfellið er skemmtileg og viðráðanleg fyrir flest alla með nokkuð jafni hækkun en þó er ein brekka sem er nokkuð brött.

Áætlaður göngutími upp og niður: 1.5 tími



Úlfsvatn á Vörufelli

Byrjunarstaður: við gamla bæjarstæðið í Framnesi. Keyrt er upp afleggjarann að Framnesi og farið í gegnum hlið sem þarf að loka. Bílastæðið er beint á móti bragganum á hlaðinu. Ör á bílastæðaskilti sýnir hvert á að ganga en gegnið er á ská yfir tún sem er rétt norðan við bílastæðið. Í byrjun gönguleiðarinnar er farið í gegnum tvö hlið.

Vegalengd: 2.8 km

Hækkun: 220 metrar að póstkassa

Göngutími: 1 klst og 5 mín.

Gengið er upp við Hnausagil og er leiðin stikuð alla leið og er póstkassinn staðsettur við Úlfsvatn. Fyrir utan 2-3 svolítið brattar brekkur þá er hækkunin nokkuð jöfn. Útsýnið er einstaklega fallett af Vörðufellinu en t.d. má sjá Laugarvatnsfjöllin, Botnssúlur, Hengilinn, Ingólfsfjall, Hestfjall, Vestmanneyjar, Eyjafjallajökul, Þríhyrning, Tindfjöll og Heklu. Vörðufell á Skeiðum er móbergs- og grágrýtisfjall sem myndast hefur undir jökli ísaldar og er fjallið með fjölbreyttu landlagi og er hrein útivistarparadís.

